

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 25. september 2020 í máli nr. 33/2020

Kærunefndina skipa í þessu máli Hildur Ýr Viðarsdóttir lögmaður, Ívar Halldórsson lögfræðingur og Jón Rúnar Pálsson lögmaður.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 19. maí 2020 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X, fyrir sína hönd og samferðamanna sinna, A og B, hér eftir sóknaraðilar, vegna ágreinings í viðskiptum við X, hér eftir varnaraðili.

Sóknaraðilar telja að varnaraðila beri að endurgreiða sér alls 9.516 evrur í kjölfar afbókunar á fyrirhugaðri leigu á skútu af varnaraðila.

II

Málsmeðferð hjá kærunefndinni

Með tölvubréfum, dags. 19. maí og 9. september 2020, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Framangreindum tölvubréfum var fylgt eftir með símtali og almennu bréfi, dags. 17. ágúst 2020, með tilkynningu um lok gagnaöflunar. Nefndinni bárust ekki andsvör frá varnaraðila.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar, bókunarstaðfesting vegna leigu á skútunni, staðfesting á greiðslum fyrir leigu á skútunni, afrit af samningsskilmálum varnaraðila, leigusamningur varnaraðila, undirritaður af sóknaraðila, svo og afrit af skriflegum samskiptum milli sóknaraðila og varnaraðila

Með bréfi, dags. 23. september 2020, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og kærunefndin hefði tekið málið til úrskurðar.

III

Málsatvik og ágreiningsefni

Sóknaraðilar og varnaraðili sömdu þann 19. september 2019 um fyrirhugaða leigu X og samferðamanna hans á skútu í eigu varnaraðila frá 19. júní 2020 til 10. júlí 2020. Samkvæmt leigusamningi aðila var heildargreiðsla vegna leigunnar að fjárhæð 18.360 evrur ásamt skilagjaldi að fjárhæð 250 evrur.

Sóknaraðilar hafa greitt varnaraðila alls 11.016 evrur með þremur aðskildum greiðslum vegna fyrirhugaðrar leigu á skútunni. Fyrsta greiðslan barst frá X þann 23. september 2019 og var að fjárhæð 5.508 evrur. Að sögn sóknaraðila var staðfestingargjald að fjárhæð 1.500 evrur innifalið í þeirri greiðslu. Tvær greiðslur til viðbótar, báðar að fjárhæð 2.754 evrur, bárust þann 24. janúar 2020 af A og þann 30. janúar 2020 af B, samferðamönnum sóknaraðila. Þann 18. mars 2020 tilkynnti sóknaraðili varnaraðila um afþöntun sína og samferðarmanna sinna á leigu skútunnar vegna útbreiðslu COVID-19 sjúkdómsins. Krafðist sóknaraðili endurgreiðslu á alls 9.516 evrum, þ.e. heildargreiðslu fyrir leigu skútunnar að frádregnu staðfestingargjaldi að fjárhæð 1.500 evrur. Varnaraðili hefur ekki orðið við kröfu sóknaraðila.

Sóknaraðilar krefjast þess að varnaraðila verði gert að endurgreiða sér alls 9.516 evrur í samræmi við samning aðila.

IV Niðurstaða

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020. Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka hjá nefndinni og hefur hvorki skilað inn andvörum eða gögnum. Byggir niðurstaða málsins á þeim upplýsingum og gögnum sem sóknaraðilar hafa lagt fram í málinu.

Sóknaraðili og varnaraðili sömdu þann 19. september 2019 um fyrirhugaða leigu sóknaraðila og samferðamanna hans á skútu í eigu varnaraðila frá 19. júní til 10. júlí 2020. Sóknaraðili og samferðamenn hans hafa greitt varnaraðila alls 11.016 evrur með þremur aðskildum greiðslum.

Í málinu liggur fyrir bókkunarstaðfesting vegna fyrirhugaðrar leigu á skútunni, dags. 18. september 2019, leigusamningur vegna leigunnar, undirritaður af sóknaraðila, dags. 19. september 2019, ásamt afriti af skilmálum varnaraðila.

Mælt er fyrir um endurgreiðslur vegna afpöntunar í svohljóðandi ákvæði í skilmálum varnaraðila eða „Boat Rental Policy“:

„Cancellation is required 4 weeks prior to the first day of rental. When cancelled shorter than 4 weeks prior to first day of rental a full rental fee will be charged.

Confirmation fee is non-refundable.“

Þegar sóknaraðili tilkynnti varnaraðila um afpöntun leigunnar þann 18. mars 2020 voru um þrjú mánuðir þar til leigutímabil vegna skútunnar átti að hefjast. Ákvæði um endurgreiðslu vegna afbókunar er skýrt í skilmálum varnaraðila án nokkurs fyrirvara um endurgreiðslur þegar skilyrði ákvæðisins um tímamörk afbókunar eru uppfyllt. Varnaraðila ber því að endurgreiða sóknaraðila og samferðamönnum hans þær greiðslur sem inntar voru af hendi vegna fyrirhugaðrar leigu á skútunni, að frádregnu staðfestingargjaldi eða „Confirmation fee“.

Í gögnum málsins er að finna tölvupóstsamskipti milli sóknaraðila og varnaraðila. Í samskiptum sínum við sóknaraðila hefur varnaraðili bent á að honum sé heimilt að halda eftir 30% af heildargreiðslunni í samræmi við samning aðila. Ágreiningur er því uppi milli málsaðila um það hvort staðfestingargjaldið eða „Confirmation fee“ sé að fjárhæð 1.500 evrur eða 5.508 evrur sem svarar til 30% af heildargreiðslu fyrir leiguna.

Í leigusamningi varnaraðila, sem undirritaður er af sóknaraðila, kemur fram um staðfestingargjaldið að: „Deposit: Reservations require a deposit of €1500“. Í bókkunarstaðfestingu vegna leigunnar segir að fyrirframgreiðslan, eða „Advance payment“ sé alls að fjárhæð 5.508 evrur. Um greiðslurnar segir í bókkunarstaðfestingunni:

„First payment: 30% on confirmation

Second payment: 30% 60 days after the confirmation

Third payment: 40% 4 weeks before the charter“

Af orðalagi leigusamningsins verður ráðið að innborgunar að fjárhæð 1.500 evra sé krafist til þess að leigutími sé frátekinn. Í bókkunarstaðfestingu, vegna leigu sóknaraðila á skútu varnaraðila, segir að fyrsta greiðsla, sem samsvarar 30% af heildargreiðslu leigunnar, sé greidd við staðfestingu eða „on confirmation“.

Af málgögnum verður ekki ráðið með skýrum hætti hvort hið svokallaða „Confirmation fee“ feli í sér greiðslu staðfestingargjalds vegna bóknar í samræmi við leigusamning aðila eða innborgunar samkvæmt bóknarstaðfestingu vegna leigu sóknaraðila á skútunni.

Leigusamningurinn er ekki undirritaður af varnaraðila líkt og ráðgert er í samningnum með orðunum „Employee Initial“. Að sögn sóknaraðila benti starfsmaður varnaraðila honum á að kynna sér skilmála vegna leigunnar, sem finna mátti á heimasíðu varnaraðila, í símtali þeirra á milli þann 18. september 2019. Í sama símtali segir sóknaraðili að varnaraðili hafi óskað eftir því að sóknaraðili sendi varnaraðila leigusamninginn útfylltann. Útfylltur leigusamningur, undirritaður af sóknaraðila, liggur fyrir í málinu og er dagsettur degi síðar, þann 19. september 2019. Verður ekki annað séð en að leigusamningurinn, skilmálar varnaraðila og bóknarstaðfesting vegna leigunnar séu í heild hluti af samningssambandi sóknaraðila og varnaraðila, enda eru öll samningsskjöl vegna leigunnar merkt varnaraðila og stafa frá honum.

Ekkert liggur fyrir í málinu sem sýnir fram á að þýðing samningsskjalanna hafi verið útskýrð fyrir sóknaraðila eða upplýsingar hafi verið veittar um þýðingu og samspil þeirra. Sóknaraðilar komu ekki að gerð skilmála varnaraðila, leigusamningi varnaraðila eða bóknarstaðfestingarinnar. Verður varnaraðili, sem samdi öll samningsskjöl málsins einhliða, að bera hallann af því hversu óskýr og ósamrýmanleg ákvæði leigusamningsins, leiguskilmálanna og bóknarstaðfestingarinnar eru. Verður ekki annað séð en að málsaðilar hafi samið um og verið upplýst um að staðfestingargjald, að fjárhæð 1.500 evrur, verði ekki endurgreitt við afbókun.

Í samræmi við framangreint var að hluta til um greiðslu staðfestingargjalds að ræða með greiðslu sóknaraðila, X, að fjárhæð 5.508 evrur þann 23. september 2019. Í samræmi við samning aðila ber varnaraðila að endurgreiða sóknaraðila, X, 4.008 evrur. Varnaraðila ber að endurgreiða sóknaraðila, A, 2.754 evrur. Þá ber varnaraðila að endurgreiða sóknaraðila, B, 2.754 evrur.

V

Úrskurðarorð

Varnaraðila, Y, ber að greiða sóknaraðila, X, 4.008 evrur. Varnaraðila ber að greiða sóknaraðilum, A og B, hvoru um sig 2.754 evrur.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila samkvæmt a. lið 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru og þjónustukaupa.

Varnaraðila ber að greiða málskostnaðargjald að fjárhæð 35.000 krónur með vísan til 3. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru og þjónustukaupa.

Hildur Ýr Viðarsdóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson